



Samstarfsyfirlýsing vegna barna í viðkvæmri stöðu á starfssvæðum miðstöðva Reykjavíkurborgar

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, skóla- og frístundaþjónusta og deild barna og fjölskyldna á miðstöðvum Reykjavíkurborgar, Barnaverndarþjónusta Reykjavíkur og framhaldsskólar í Reykjavík hafa ákveðið að vinna saman til að stuðla að farsæld fyrir börn sem eru í viðkvæmri stöðu.

Börn í viðkvæmri stöðu eru börn frá fæðingu að 18 ára afmælisdegi sem eru þolendur og gerendur í ofbeldismálum og falla undir tilkynningarskyldu almennings skv. 1. mgr. 16. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, með síðari breytingum, um að a) búa við óviðunandi uppeldisaðstæður, b) verða fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða c) stofna heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 skylda þá sem veita þjónustu sem á þátt í að efla eða tryggja farsæld barna og ungmenna, hvort sem hún er hluti af stjórnsýslu ríkis, sveitarfélags eða einkaaðila til að:

- Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.
- Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.
- Hafa samráð sín á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Samkvæmt lögnum ber þjónustuveitendum að hafa góða almenna samvinnu sín á milli með áherslu á þverfaglega þekkingu og gagnkvæma fræðslu, fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt á fullnægjandi hátt og bregðast við þeim, og að taka þátt í því samstarfi sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun sem henni fylgir kveða á um bætt líðan barna og ungmenna, forvarnir í þeirra þágu og mikilvægi samstarfs milli lykilaðila sem sinna þjónustu við þau. Þá kveður velferðarstefna Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun sem henni fylgir einnig á um slíkt samráð aðila. Miðstöðvum Reykjavíkurborgar ber að tryggja að samráð lykilaðila fari fram undir formerkjum Betri borgar fyrir börn. Í samræmi við stefnu LRH 2024–2028 ber lögreglu skylda til að vinna markvisst að farsæld barna í samvinnu við aðra þjónustuveitendur.

Til samræmis við ofangreind markmið og skyldur lýsa aðilar yfir vilja til að starfa saman og móta og samræma verklag sitt í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu, eins og hægt er innan ramma laga um starfsemi aðila, persónuvernd og mannréttindi. Verklagið nær til miðlunar upplýsinga, samstarfs og þróunar samþættingar í þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu og forelda þeirra.

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna koma ekki í stað lögbundinnar tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda, skv. IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 né víkja til hliðar öðrum lagaskyldum samstarfsaðila vegna barna.

Samstarfsaðilar lýsa yfir skýrum vilja til að þróa áfram samvinnu sína á grundvelli ofangreindra laga og stefna Reykjavíkurborgar til að tryggja vernd og umönnun barna gegn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.

Reykjavík, xx.xx.2024

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Fh. Reykjavíkurborgar



Fyrir hönd framhaldsskóla í Reykjavík

Viðaukar:

Verklag um samvinnu vegna barna í viðkvæmri stöðu í miðstöðvum

Farsæld barna í Reykjavík og verklag um samvinnu vegna barna í viðkvæmri stöðu.

Listi yfir fulltrúa samstarfsaðila í verkefninu.

Verklag lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu varðandi ofbeldi ungmenna.

Reglur um greiningu ágreiningsmála er varða hagsmuni barna sem koma til meðferðar hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu með sérstakri áherslu á vernd barna í viðkvæmri stöðu.

Stefna LRH 2024-2028 - <https://www.logreglan.is/logreglan/umdaemin/hofudborgarsvaedi/stefna-lrh/>